

Framtíðarsýn

Náttúruhamfaratrygging Íslands (NTÍ) ætlar að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum og halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar í lágmarki. Stofnunin leggur sitt af mörkum til að skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu sé náð og tekur þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

NTÍ tryggir að lagalegum kröfum sem tengjast starfsemi hennar sé fylgt og vinnur að stöðugum umbótum á umhverfisstarfi stofnunarinnar. Stofnunin byggir gæðakerfi sitt á ISO 9001 og leggur staðalinn til grundvallar í allri vinnu.

Yfirmarkmið

NTÍ ætlar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) á stöðugildi um 40% fyrir árið 2030 miðað við árið 2019. Stofnunin stefnir einnig að kolefnishlutlausri starfsemi með því að kolefnisjafna alla eftirstandandi losun frá áramótum 2021/2022.

Gildissvið

Stefna þessi tekur til umhverfisáhrifa af innri rekstri NTÍ og varðar alla starfsmenn stofnunarinnar. Reynt er eftir fremsta megni að mæla þá umhverfisþætti sem falla undir umfang stefnunnar.

Umfang

NTÍ hefur það að markmiði að minnka losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt leiðbeiningum um [loftslagsstefnur opinberra aðila](#) en jafnframt að draga úr umhverfisáhrifum stofnunarinnar í víðara samhengi. Stefnan tekur til eftirfarandi umhverfisþátta sem unnt er að fylgjast með og mæla hverju sinni:

Samgöngur

- Losun GHL vegna aksturs á bifreiðum stofnunar
- Losun GHL vegna flugferða starfsmanna innanlands
- Losun GHL vegna flugferða starfsmanna erlendis
- Losun GHL vegna aksturs á bílaleigu- og leigubílum
- Fjöldi samgöngusaminga sem stofnunin gerir við starfsmenn

Orkunotkun

- Rafmagnsnotkun á starfsstöð í Kópavogi

Úrgangur

- Losun GHL vegna lífræns úrgangs sem fellur á skrifstofu NTÍ
- Losun GHL vegna blandaðs úrgangs sem fellur til á skrifstofu NTÍ

- Heildarmagn úrgangs sem fellur til á skrifstofu NTÍ
- Magn skrifstofupappírs sem keyptur er á skrifstofu NTÍ
- Endurvinnsluhlutfall á skrifstofu NTÍ

Innkaup

- Hlutfall umhverfisvottaðs skrifstofupappírs sem stofnunin kaupir
- Hlutfall umhverfisvottaðrar prentþjónustu sem stofnunin kaupir
- Magn ræsti- og hreinsiefna sem stofnunin kaupir sjálf og notuð eru á skrifstofu NTÍ
- Hlutfall umhverfisvottaðra ræsti- og hreinsiefna sem stofnunin kaupir

Áherslur í umhverfis- og loftslagsmálum

- NTÍ dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna, úrgangs og orkunotkunar
- NTÍ eflir fjarfundarmenningu og fjartjónamat
- NTÍ dregur úr úrgangsmyndun og eykur endurvinnslu
- NTÍ hugar að orkusparnaði
- NTÍ fræðir starfsfólk um innra umhverfisstarf og önnur umhverfismál
- NTÍ stundar umhverfisvæn innkaup
- NTÍ fylgir Grænum skrefum
- NTÍ kolefnisjafnar losun stofnunarinnar með ábyrgum hætti
- NTÍ fræðir matsmenn um umhverfisvænni viðgerðaraðferðir sem hægt er að leggja til grundvallar að kostnaðarmati, þar sem áhersla er lögð á að gera við, í stað endurnýjunar
- NTÍ hvetur tjónþola til ábyrgrar förgunar, endurnýtingar byggingarefnis og til notkunar umhverfisvænna viðgerðaraðferða
- NTÍ hvetur starfsfólk til vistvænna og virkra samgangna.

Eftirfylgni

NTÍ heldur Grænt bókhald frá og með áramótum 2021/2022 þar sem teknar verða saman þýðingarmestu umhverfisþættir í starfseminni. Niðurstöður bókhaldsins verða notaðar til að móta stefnu og aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum.

Bókhaldinu skal skilað í Gagnagátt Umhverfisstofnunar fyrir 1. apríl ár hvert, fyrir liðið reikningsár. Umhverfis- og loftslagsstefnan er rýnd árlega af innleiðingarteymi Grænna skrefa og áherslur, markmið og aðgerðaráætlun uppfærð þegar niðurstöður Græns bókhalds liggja fyrir. Allar uppfærslur verða lagðar fyrir stjórn til samþykktar.

Niðurstöðum Græns bókhalds og árangri af umhverfis- og loftslagsstefnu verður miðlað á vef NTÍ og í rafrænni ársskýrslu ár hvert. Einnig munu niðurstöður Græns bókhalds birtast á [heimasíðu Grænna skrefa](#) ásamt niðurstöðum annarra ríkisstofnana.